

VERUM
Á VERÐI
GEGN
EINELTI

BÆTUM
STARFSANDANN

ÁNÆGT
STARFSFÓLK
SKILAR BETRI
VINNU

EINELTI
SNÝST UM
FÓLK

 **VINNUEFTIRLITID**
Bíldshöfða 16 110 Reykjavík
Sími: 550 4600 Fax: 550 4610
vinnueftirlit@ver.is
www.ver.is

 **LANDLÆKNISEMBÆTTID**
Laugavegi 116 150 Reykjavík
Sími 510 1900 Fax 510 1919
postur@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

ER
EINELTI
Á VINNUSTADNUM?





ER EINELTI Á VINNUSTAÐNUM?

Samkvæmt tölum frá nágrannalöndunum má ætla að um 3-10% starfsmanna verði fyrir einelti í vinnu en algengi þess hérlandis hefur ekki verið kannað. Einelti getur gert lífið óbærilegt fyrir þann sem fyrir því verður, dregið úr starfsorku og haft slæm áhrif á starfsandann. Einelti er eitt alvarlegasta samskiptavandmál sem upp kemur á vinnustað.

HVAD ER EINELTI?

Einelti má skilgreina sem endurtekná lítilsvirðandi og særandi framkomu gagnvart einstaklingum. Stundum er einelti fólgið í því að einn einstaklingur niðist á öðrum, stundum standa fleiri að verki þannig að sá sem lagður er í einelti verður útundan í vinnuhópnum. Oft átta gerendur eineltis sig ekki á afleiðingum athafna sína.

Vinnuveitanda ber að sjá til þess að einelti líðist ekki á vinnustaðnum. Stjórnendur gegna lykilhlutverki í því að skapa starfsandann og eiga að bregðast strax við ef einelti kemur upp.

Einelti kemur öllum við. Gerendur njóta verndar svo lengi sem stjórnendur og hinn þögli meirihluti á vinnustaðnum láta eineltið viðgangast.

Orsakir eineltis eru margs konar. Á vinnustöðum er m.a. unnt að skoða hvort vinnuskiplagði stuðlar að því að einelti komi upp.

Upplýsingaflæði, starfsýsingar

Er upplýsingaflæðið tregt? Viðgengst baktal á vinnustaðnum? Eru starfsýsingar óskýrar og hættu á hagsmunaaðreksrum?

Athafnafrelsi, svigrúm, starfsþróun

Hafa starfsmenn lítil tækifæri til að hafa áhrif á hvernig þeir vinna? Er eftirliti með vinnunni þannig háttað að það skapi spennu og rígg? Hafa starfsmenn ójafna möguleika á framgangi í starfi?

Tímabróng

Vinna starfsmenn ákvæðisvinnu? Eru gerðar óraunhæfar kröfur um hraða og/eða fjölda verkefna?

Eru þeir sem minna mega sín í hópnunum lítnir hornauga?

Vinnutími

Er starfsmönnum mismunandi svo gróflaga varðandi viðveru í vinnu, sveigjanlegan vinnutíma eða við skipulag vaktu að það geti verið liður í einelti?

Einangrun

Eru starfsmenn faglega eða félagslega einangraðir í vinnunni? Geta starfsmenn fengið hjálp frá samstarfsmönnum eða yfirmönnum þegar þörf krefur?

Umburðarlýndi

Skortir umburðarlýndi t.d. gagnvart aldri, þjóðerni, fötlun, kynhegðun, kynferði eða öðru sem kann að aðgreina starfsmann frá starfshópnum?

HVAD ER TIL RÁÐA GEGN EINELTI?

Samkvæmt vinnuverndarlögum (46/1980) skal atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllista öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.

Ráð gegn einelti eru ekki einhlt en ef það kemur upp á vinnustað og stjórnendur bregðast geta starfsmenn leitað fulltrúnaðarmanna, verkalyðsfélags eða aðstoðar óháðra, utanaðkomandi aðila. Á heimasíðu Vinnuettirlitsins er listi yfir nokkra ráðgjafa sem leita má til við lausn slíkra mála.